

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2013

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, 605. mál.

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarpið verði að lögum. Notkun endurnýjanlegs eldsneytis er afar lítil hluti af heildarnotkun eldsneytis á Íslandi. Til að unnt sé að ná markmiðum um 10% hlut endurnýjanlegs eldsneytis í samgöngur árið 2020 þarf talsverð breyting að verða. Sú leið sem lögð er til í þessu frumvarpi hefur verið farin í löndunum í kringum okkur og er í samræmi við tilskipanir EB. Mismunandi er milli landa hvernig þetta er útfært og styðja samtökin þá leið sem hér er valin, þ.e. skylda er sett á alla aðila en útfærslan er í höndum einstakra fyrirtækja um hvernig þau ná markmiðunum. Mikill áhugi er á framleiðslu innlands eldsneytis og vænta má að lögin verði til þess að kippur færast í þá starfsemi.

Varðandi greinargerð fjármálaráðuneytis er bent á að líklega er tekjutap ríkis vegna minni innheimtu á virðisaukaskatti ofmetin því nokkur hluti eldsneytis er notaður hjá fyrirtækjum sem nýta sér innskatts/útskatts reglur. Einnig er bent á að ótaldar eru tekjur sem verða af auknum umsvifum í íslenskri atvinnustarfsemi á sviði framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti.



Bryndís Skúladóttir  
Samtök iðnaðarins



Pétur Reimarsson  
Samtök atvinnulífsins